# Hafnarfjörður

## Fornleifaskráning vegna færslu Reykjanesbrautar

## í landi

## Óttarsstaða, Straums, Þorbjarnarstaða

## og Alfaraleiðarinnar









**Katrín Gunnarsdóttir**

**fornleifafræðingur MA**

**17________________________________ Byggðasafn Hafnarfjarðar 2011**
**Fornleifaskráning**

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og aðlagað af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

# Inngangur

Að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðar var Byggðasafni Hafnarfjarðar falið að sjá um fornleifaskráningu vegna færslu Reykjanesbrautar til suðurs og mun hún þá liggja um land Óttarsstaða, Straums og Þorbjarnarstaða.

Skráningarsvæðið miðast við svæði sunnan Reykjanesbrautar í landi Óttarsstaða, Straums og Þorbjarnarstaða. Svæðið liggur upp fyrir Alafaraleiðina sem liggur austur-vestur í landinu í gegnum fyrrgreindar jarðir. Alfarleiðin hefur ljósbláar merkingar á loftmynd af skráningarsvæðinu.

Fyrirhugað vegstæði Reykjanesbrautar er á samþykktu Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005- 2025.

Fornleifaskráning á vettvangi fór fram 21. júní, 26 júni, og 30 júní 2011.
Staðsetning fornleifa var gerð að hluta til í samvinnu við Ingvar Reynisson, mælingamann á Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar.

Fornleifar í landi Óttarsstaða voru skráðar 35. Fornleifar í landi Straums 2.
Fornleifar í landi Þorbjamarstaða 28.
Að auki eru Alfaraleiðinni gerð skil í sögulegu yfirliti með Gps staðsetningum, ásamt myndum.

Skráningu á vettvangi ásamt skráningu í Fornleif sem er gagnagrunnur Byggðasafns Hafnarfjarðar var gerð af Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðingi.

Skráning fornleifa á fyrrgreindu svæði hefur ekki áður farið fram.

Fornleifaskráning var gerð vegna lagningar Reykjanesbrautar 2001.
*Fornleifakönnun Reykjanesbraut,* Elín Ósk Hreiðarsdóttir. Fornleifastofnun Íslands Reykjavík 2001.

Árið 1998 var gerð "Svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði" á vegum Fornleifastofnunar Íslands, sem unnin var af Hildi Gestsdóttur og Sædísi Gunnarsdóttur.

Jónatan Garðarsson, Lóuási 2, Hafnarfirði veitti leiðsögn og upplýsingar um skráningarsvæðið.

Fornleifaskráningin greinir frá athugunum og upplýsingum um hvern stað, minjagildi, hættumati og hættuorsökum.

Númer fyrir aftan "Heiti" er vinnunúmer til hagræðingar fyrir skrásetjara.

Hafnarfjörður 26. júlí 2011.

Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur.

# Fornleifaskráning
# Hafnarfjörður

## Fornleifar í landi Óttarsstaða
## Vegna færslu Reykjanesbrautar



## Skráðar fornleifar 35

__________ Byggðasafn Hafnarfjarðar 2011

Óttarsstaðir
**Sögulegt yfirlit**

Elsta heimild um óttarsstaði er Kaupbréffrá 9. september 1447, en þar segir að Einar Þorleifsson hafi keypt jarðir í Húnaþingi og selt jarðir á Vatnsleysuströnd til Viðeyjarklausturs og 10/100 í Óttarsstöðum.[1]

Örnefnaskrá: Á Óttarsstöðum var tvíbýli. Voru býlin nefnd Efri-Óttarsstaðir eða Vesturbær og Neðri-Óttarsstaðir eða Austurbær.Bæirnir stóðu á bæjarból nokkuð vestarlega í túninu. Vesturbærinn sem byggður var 1890 stendur enn. Austurbærinn var rifinn fyrir aldamótin 1899-1900. En árið 1885 var byggt nýtt hús nokkru austar og neðar í túninu en hluti gömlu
bæjrtóftunum notað fyrir fjós og hlöðu.

## Landamerki Óttarsstaða

Upp af Vatnagörðum eru svo hraunhæðir sem heita Sjónarhólshæðir. Þar er hæðsta hæðin Sjónarhóll, Um hana eru merkin og þar er nú girðing.

Landamerki milli *Óttarsstaða og Lónakots* byrja rétt fyrir ofan Sjávarkambinn þaðan í Markhól sem er klappað á: Ótta
Frá Markhól í Sjónarhól, frá Sjónarhól í vörðu austanvert við Lónakotssel, frá þeirri vörðu í Miðkrossastapa.
Landamerki milli *Óttarsstaða og Hvassahrauns* byrja í Mið-Krossastapa, frá Mið-Krossastapa í Klofningsklett sem varða er hjá, sunnanvert við Einirhól. Frá Klofningskletti í Búðarvatnsstæði frá Búðarvatnsstæði í Markhelluhól, sem er hornmark frá óttarsstöðum,
Hvassahrauni og Krísuvík, í hann er klappað: Ótta, Hvass, Krv.
Landamerki milli Óttarsstaða og Straums byrja við sjó á Vatnaskersklöpp og yfir miðjan Markhól. Þaðan beint í Stóra-Nónhól frá Nónól í Gvendarbrunn, frá Gvendarbrunni í Mjósundsvörðu, frá Mjósundsvörðu í Klofaklett, suður og upp af Steinhúsi. Á Klofaklett er klappað: Ótta, Str, og varða hlaðin hjá. Frá Klofakletti í Markstein suður og upp af Eyjólfshól á þennan Markastein er klappað: Ótta, Str. Frá þessum Markasteini sömu stefnu upp að
Krísuvíkurlandi ..

Óttarsstaðir er jörð í hinum svonefndu Hraunum, í landi Hafnarfjarðar.
Þær jarðir innan staðarmarka Hafnarfjarðar suð-vestur afkaupstaðnum voru áður nefndar einu nafni Hraunjarðir. Þetta voru jarðirnar Stóri-Lambhagi, Þorbjamarstaðir, Straumur, *Óttarsstaðir,* Lónakot og Svínakot. Jörðin Hvassahraun var ein af Hraunjörðunum en hún var
í Vatnsleysuhreppi.
Þessar jarðir voru allar í eigu Viðeyjarklausturs og urðu því kónungsjarðir með siðaskiptunum 1550. Ofan við jarðirnar (sunnan) er stór almenningur þar sem þessar jarðir áttu ítök sem gert er grein fyrir í Jarðabók Áma Magnússonar og Páls Vidalíns. Kónungsjarðirnar voru
síðan seldar á árunum 1837-1839.
Eftir að jarðirnar í Hraununum höfðu verið seldar, Lambhagi var þó seldur 1827, reis fljótt ágreiningur um eignarheimildir á hinum svonefnda Almenningi. Að beiðni stiftamtmanns var sýslumanni falið að rannsaka málið. Stiftamtmaður taldi það hugsanlegt að Almenningur væri eftir sem áður kónungsland þar sem jarðirnar í Álftaneshreppi ættu það ítök til viðarhöggs og kolagjörðar. Samkvæmt þessu boðaði sýslumaður 18.5 1848 til áreiðar sem fór fram á tilsettum tíma, og gögn í málinu send amtinu sem svaraði með því að leyfa Hraunbæjarmönnum einum og óskertum afnot.[1]

[3] Guðmundur Benediktsson hrl. Kröfulýsing Hafnarfjarðarbæjar frá 3. júní 2004.

5

**Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1703** Jarðardýrleiki óviss. Eigandinn er hans háting konungurinn Ábúandi er Guðmundur Guðmundsson.
Landskuld 500 álnir. Greiðist með sex vættum og tveimur fjórðungum fisks í kaupstað síðan leigan var hafin, en áður var hún greidd til Bessastaða.
Við (timbur) til viðhalds leggur ábúandinn.
Kúgildi eru þrjú. Leigur greiðist í smjöri heim til Bessastaða eða með fiski í kaupstað.
Ábúandi sér um að viðhalda kúastofninum.
Kvaðir eru um mannslán um vertíð, en á síðustu vertíð samdist um það á milli umboðsmannsins á Bessastöðum og ábúandans, að umboðsmaðurinn skyldi fá hálfan hlut af skipi ábúandans sem hann gerði út að öllu leyti. Ábúandinn gekkst að þessu þar sem hann treysti sér ekki til að láta frá sér neinn vinnumann í aðra verstöð.
Þá skal ábúandinn leggja til tvo hesta með birkikjarri sem skal safna í almenningi og færa til Bessastaða ábúandinn kvartar þó yfir því að erfitt sé orðið að safna birkikjarrinu, og heldur því fram að auðveldara sé að greiða tíu fiska þegar guð gefur fiskinn af sjónum. Að auki tvo dagslætti heim til Bessastaða, og fæðir þá bóndinn verkamennina, eða verkamanninn. En hefur á síðast liðnu sumri ráðið verkamann þar til með 10 álnum til samans fyrir báða dagsláttina. Á síðast liðnu ári skömmu fyrir vetrarnætur sendi umboðsmaðurinn þangað lamb á fóður sem ábúanda var gert að taka við sem kvöð. Þessi kvöð hafói ekkí verið á býli þessu, eftir því sem nærstaddir menn muna. Þá skal maður eða menn vera til staðar ef umboðmaðurinn þarf á að halda til róðra, og er það á umboðsmannsins kostnað og leggur hann sjálfur til skipið. Þessar skipsferðir eru þó færra eftir að koungurinn innleiddi landskyldu
fisks á hafnirnar.
Útigangur er hér í betra lagi, nema þegar vetur eru slæmir.
Kvikfénaður er hér fimm kýr, og einn hestur.
Hægt er að fóðra fimm kýr ef túnið er gott, en ekki efþað er í órækt og úr sér vaxið eins og það er nú.
Heimilsmenn eru átta.
Skóg til kolagerðar og eldiviðar sækir ábúandi í almenning án greiðslu. Skógurinn er þó mikið eyddur og ekki mikið eftir af honum.
Á jörðinni er engin annar eldiviður, fyrir utan fjöruþang þar sem þar er enn þá að finna.
Verður því ábúandinn að kaupa kol fyrir það sem á vantar.
Hægt er að notast við lyng, en þá varla nema til að kveikja eld.
Rekavona trjáa er mjög lítil þó hér sé fjara.
Sel sem hægt er að nýta rekur stundum á ·fjöru.
Sölvafjara nægir heimafólki, en erfitt að komast að fjörunni. Hrognkelsatekja er nokkuð góð þegar fJarar úr lónum. Fjörugrös eru nægjanleg fyrir heimamenn.
Nóg er af bjöllum í fjörunni, en þær er eru ekki notaðar nema í neyð.
Heimræði er allt árið.
Lending er í meðallagi. Og er nýtt af ábúenda.
Til forna hafa verið hér aðkomuskip sem róið hafa gegn leigugjaldi, gæti það orðið aftur ef fiskigengd myndi aukast.
Héðan er gert út eitt konungsskip tveggja manna far, án leigugjalds, og fær áhöfnin húsaskjól hjá ábúandanum án leigugjalds. Konungsskipið hefur verið hér eftir því sem umboðsmanninum hefur hentað hverju sinni.
Engjar eru ekki neinar á jörðinni.

Selstöð (sel) ájörðin í almenningi, þar eru góðir hagar, en lítið um vatn í þurrka á sumrin. Aðra selstöð á jörðin í Lónakotslandi, á móti kemur skipuppsátur Lónakotsmanns í Óttarsstaðalandi. Fénaður og stórgripir farast hér oft í gjám ef ekki er vel aðgætt, og þá sérstaklega á vetrum þegar snjór liggur yfir öllu.
Kirkjuvegur er hér í lengra lagi.
Torfstunga er næstum engin til heyja, eða/og viðhalds þaks og húsa.

### Hjáleigur:
Nafnlaus hjáleiga um 60 ára gömul. Jarðardýrleiki óviss.
Ábúandinn Guðmundur Ólafsson.
Landskuld 65 álnir á nokkrum umliðnum árum, en er nú 30 álnir í tvö næstu ár Greiðist með tveimur vættum og tveimur fjórðungum fiska en nú með einni vætt fiska til heimabóndans. Við (timbur) til viðhalds húsa vill heimabóndi að hjáleigumaðurinn leggi til, en það hefur hann ekki samþykkt og stendur það svo.
Leigukúgildi er ekkert, en hjáleigumaðurinn greiðir sem svarar í leigu einn fjórðung smjörs.
Kvaðir eru mannslán (hann sjálfur) og formenska á skipi heimabóndans allt árið um kring kauplaust nema formaðurinn er skipaleigu :frír af sínum hluta um vertíðina.
Dagsláttur um töðustláttartima
Kvikfénaður ein kýr, tveir sauðir tveggjavetra, fimm veturgamlir, fimm lömb, einn hestur.
Hægt er að fóðra eina kú rýflega. Fénaður er að mestu á útigang.
Heimilsmenn eru þrír.
Hlunnindi jarðarinnar er nýttur afhjáleigumanninum ótakmarkað eftir þörfum.
Selstöð (sel) notar hann í Lónakotslandi.
Birkikjarr í almenningi sér til eldingar og að bjarga nautpeningi í heyskorti.

Önnur hjáleiga, sem er eldri en nokkurn maður man.
Jarðardýrleiki er óviss.
Ábúandinn er Þorvaldur Guðmundsson.
Landskuld eru 50 álnir. Greiðist með tveimur vættum fisks til heimabóndans. Við til viðhalds húsa vill heimabóndi að hjáleigumaðurinn leggi til að það finst hjáleigumanninum hann ekki vera megnegur til.
Leigukúgildi hér eru engin, en hjáleigumaðurinn greiðir heimabóndanum tvo fjórðunga smjörs sem í hálfra leigna nafni eftir tvö kúgildi.
Kvaðir eru þriðjungur úr skipshlut úr hjáigubóndans eigin skipi fyrir það bann er frí um mannlán og má fara á sínumeigin bát þegar það hentar. Annars komi til dagsláttur eða jafnvirði fimm fiska þar á móti.
Kvikfénaður eru tvær kýr aflóga gamlar, og eitt hross.
Hægt er að fóðra eina kú ríflega en með viðbót afhrísi geta þær verið tvær.
Heimilismenn eru fimm.
Sölvafjöru og fjörugarðs nýtir hjáleigumaðurinn sér í landi hjáleigunnar.

### Náttúrufar og jarðabætur
Í Jarðabók Áma Magnússonar og Páls Vídalín :frá 1703 segir um náttúrufar í landi í Óttarsstaða:

> Hægt er að fóðra fimm kýr eftúnið er gott, en ekki efþað er í órækt og úr sér vaxið eins og nú.

---

[2] Árni Magnússon og Páll Vidalín. Jarðabók 1703, ill bindi. Bls. 160-163. Kaupmannahöfn 1923.

Skóg til kolagerðar og eldiviðar sækir ábúandi í almenning án greiðslu. Skógurinn þó mikið eyddur og ekki mikið eftir af honum.
Engjar eru ekki neinar á jörðinni.
Selstöð (sel) á jörðinn í almenningi, þar eru góðir hagar, en lítið um vatn á þurrka sumrum.
Hjáleiga I: Fórðast getur ein kú rýflega. Fénaður er að mestu á útigang.
Hjáleiga II: Hægt er að fóðra eina kú ríflega en með viðbót af hrísi geta þær verið tvær[3].

Í Örnefnasskrá segir:

Túnið á óttarsstöðum var allstórt og var því deilt á milli bæjanna í Vesturbæjartún og Austurbæjartún. Kringum öll túnin var hlaðinn tvístæður túngarður, feikna mannvirki.

Land jarðarinnar er hrauni þakið neðan frá sjó og upp til fjalls. Þetta er gamalt hraun og allgróið. Túnið á Óttasstöðum liggur meðfram sjónum. Norðurtún var sameiginlegt nafn á túninu frá húsi niður að sjó. Vestast í túninu er brekka sem heitir Þórhildarbrekka, svo er þar smá útfæringur nafnlaus. Þá er lægð í túninu nefnd Lágatún, þá er djúpur dalur í túninu sem nefndur er Kvíadalur, liggur þar austur eftir túninu, og mun draga nafn aflögun, en ekki að þarna hafi verið kvíar. Svo er langur bali sem heitir Leynir og norður afhonum heitir Stólpi. Við hann nokkuð austan bæjar er Kattahryggur, þá er Smiðjubali. Austan hans heitir Hálfvöllur, hafi nafn sitt afþví, að þar var á mörkum vesturbæjartúns sem hér endaði og austurbæjartúns er hér tók við. Svo tekur við Maríugerði og að lokum Útfæringur. Kolbeinskot var hjáleiga eða þurrabúð við Óttarsstaðvörina, Túnið sem lá áður undir Kolbeinskot var alltafkallað Kotatún, en túnið ofan sjávarbakk.ans var kallað Bakkatún.[4]

Jarðabók Johnsens 1847 segir:

Óttarsstaðir í Áltfaneshreppi, í bændaeign, dýrleiki er 20 5/6 landskuld 1.5, kúgildi þrjú, einn eigandi að jörðinni og einn leiguliði. Jarðanúmer er 163.
Í skýringum segir: Þóað hvorki prestur né sýslumaður nefni hjáleiguna, er hún samt talin með meðfram vegna ábúenda tölu sýslumanns á öllum Óttarsstöðum, enda var hún byggð 1803.[5]

Túnakort frá 1917:
Óttarsstaðir 2 býli merkt n (norður) og s (suður)
Túnið holótt og grýtt, þó að miklu slétt og sléttað.
Heima, n 1. 6 teigur. Kálgarður 1000 $m^2$.
Heima s 1.6 teigur. Kálgarður 960 $m^2$.[6]

Þá segir einning á Túnakort að Nýjakot eða eins og stendur á Túnakortinu:
(Nýja?) Kotið n 0.8 teigur Kálgarður 200 $m^2$.
Kotið s 0. 7 teigur. Kálgarður 300$m^2$.

---

[3] Árni Magnússon og Páll Vidalín. Jarðabók 1703, III bindi. Bls. 161-162. Kaupmannahöfn 1923.
[4] Ari Gíslason. Ömefnskrá-Ótíarsstaðir, Gullbringusýslu. Ömefnastofnun Íslands
[6] J Johnsen. Jarðatal á Íslandi, Kaupmannahöfn 1847, bls. 91

[6]Túnakort 1917. óttarsstaðir. Þjóðskjalasafn Íslands

Þar sem Nýjakot kemur ekki fyrir í Örnefnskrám, en Kolbeinskot er þar nefnd sem hjáleiga eða þurrabúð.
Vorið 1966 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að að nota heimild í 26. grein skipulagslaga nr. 19/1964 til að áskilja sér forkaupsrétt að öllum lóðum og fasteignum í Hafnarfirði vestan Krísuvíkurvegar. Sem lagður var undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr, 46/1964. Þar á meðal var jörðin Óttarsstaðir, þar með talið gamla býlið Óttarsstaðir Il og Óttarsstaðagerði.[7]

**Heimildir:**


Ásgeir Guðmundsson 1983. Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I bindi, bls. 114.
Árni Magnússon og Páll Vídalín. Jarðabók 1703, III bindi. Bls. 161-162. Kaupmannahöfn 1923.
Ari Gíslason. Örnefuskrá-óttarsstaðir, Gullbringusýslu. Örnefnastofnun Íslands.
Gísli Sigurðsson. Ömefnskrá-óttarsstaðir, Gullbringusýslu. Örnefnastofnun Íslands 1980.
Guðmundur Benediktsson hrl. Kröfulýsing Hafnarfjarðarbæjar-frá 3. júní 2004.
J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi, Kaupmannahöfn 1847, bls. 91.
Túnakort 1917. óttarsstaðir. Þjóðskjalasafn Íslands.


**Heimildarmenn:**
Birgir Sörensen. (16.01 .57-3569) ættaður frá Óttarsstöðum vestri
Jónatan Garðarsson Lóuási, 220 Hafnarfjörður.
Lovísa Ásbjörnsdóttir af Óttarsstaðætt. Óttarsstaðir eystri.

---

[8] Ásgeir Guðmundsson 1983. Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I bindi, bls. 114

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Garðar
163/158

**Heiti**.......................................................Gvendarbrunnur
**Tegund**.................................................Brunnur/Gvendarbrunnur 112
**Hlutverk**................................................Vatnsból
**Gps-hnit**............................................... N 064°01.827‘ W 022°03.219‘
**Aldur**....................................................1550- 1900
**Ástand**...................................................Ágætt
**Hættumat**.............................................Vegagerð
**Hætta**....................................................Talsverð
**Minjagildi**............................................Hátt
**Friðlýst**..................................................

## Staðhættir
Austan við Rauðamel stóra er Gvendarbrunnshæð og þar um liggur landamerkjalínan í Gvendarbrunn.

## Lýsing
Í Örnefnaskrá segir: Gvendarbrunnur er stór hola í klöpp við elsta vegínn
Á smá grasbletti við Alfaraleiðina, eru nokkrar stórar þúfur eða hugsanlega hleðslur, rétt við brunninn. Brunnurinn eða vatnabólið er um 0.50 x 1.00 má stærð, niður að vatninu í brunninum ern um 0.40 m.

## Athugasemdir
Gvendarbrunnur: Á Sturlungaöld var biskup á Hólum Guðmundur góði Arason (1203-1237). Hann átti i deilum við veraldlega höfðingja og hélt fast fram kirkjulögum. Guðmundur var sannheilagur í lifanda lífi, gerði kraftaverk og vígði björg og brunna víða um land, sem bera nafn hans enn í dag.

## Heimildir

Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands 1980.
Hóladómkirkja <mailto:kirkjan@holar.is>,



Horft að Gvendarbrunni til suðurs.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Garðar
163/159

**Heiti**.........................................................Gvendarbrunnshellir
**Tegund**...................................................Fjárhellir/Gvendarbrunnshellir 113
**Hlutverk**..................................................Fjárskýli
**Gps-hnit**................................................. N 064°01.839‘ W 022°03.269‘
**Aldur**......................................................1550- 1900
**Ástand**....................................................Ágætt
**Hættumat**..............................................Vegagerð
**Hætta**.....................................................Talsverð
**Minjagildi**.............................................Talsvert
**Friðlýst**..................................................

## Staðhættir
Um 30 m austur af Gvendarbrunni sem er vatnsból við Alfaraleiðina.
Örnefnaskrá: Austan við Rauðamel stóra er Gvendarbrunnshæð og þar um liggur landamerkjalinan í Gvendarbrunn sem er stór hola í klöpp við elsta veginn. Í Gvendarbrunnshæð vestanverði er fjárhellir, kallaður Gvendarbrunnshellir.

## Lýsing
Farið er upp smábratta upp að hellinum, hlaðnar hleðslur fyrir hellismunnan með inngangi fyrir míðri hleðslunni.
Hleðsluhæð allt að 1.10 m. Steinastærð 0.30-0.50. stærri steinar við innagninn.

## Athugasemdir

## Heimildir

Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands 1980.



Horft að hellinum til vesturs.



Hleðslur í hellisopinu.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Garðar
163/189

**Heiti**.......................................................Refabyrgi 107
**Tegund**..................................................Hleðsla
**Hlutverk**................................................Skotbyrgi
**Gps-hnit**............................................... N 064°01.926‘ W 022°03.663‘
**Aldur**....................................................1550- 1900
**Ástand**...................................................Ágætt
**Hættumat**.............................................Vegagerð
**Hætta**....................................................Mikil
**Minjagildi**.............................................Hátt
**Friðlýst**..................................................Nei

**Staðhættir**
Vegur liggur að stóru grjótnámunni að austan frá veginum. Þar sem hann endar við námuna er um 120 m í suður að byrginu.

**Lýsing**
Skotbyrgið er upphlaðið úr braungrjóti. Hleðsluhæð allt að 1.10 m. Inngangur er í byrgið i vestur og neðarlega á hleðsluveggmm á móti innganginum er gat í hleðsluna fyrir byssu veiðimannsins sem liggur flatur og miðar.

**Athugasemdir**

**Heimildir**

---



Horft í austur.




Teikning, byrgið.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Garðar
163/190

**Heiti**.......................................................Hraunbolli 1
**Tegund**.................................................Hleðsla
**Hlutverk**................................................Aðhald
**Gps-hnit**............................................... N °.' W °.'
**Aldur**....................................................1550- 1900
**Ástand**...................................................Sæmilegt
**Hættumat**.............................................Vegagerð
**Hætta**....................................................Mikil
**Minjagildi**............................................Talsvert
**Friðlýst**..................................................Nei

## Staðhættir
Um 450 m eftir Reykjanesbraut frá vegaslóða að Lónakoti i norðvestur, og örðum vegaslóða sem liggur til suðurs. Hraunbollinn er um 45 m frá Reykjanesbraut í suður í landinu sem er hraun og gróður og mosi.

## Lýsing
Í mosavöxnu hraunlandslagi eru hleðslur i hraunbolla, og hafa hleðslurnar verið til stuðnings hliðum bollans. Hleðslurnar sem eru við noðnr- og suðvesturhlið hans hrunið inn að miðju bollans sem er grasivaxinn. Hraunbollinn er um 1.10 m djúpur. Það sést móta fyrir hringlaga kraga frá ytri brúnum hans sem rennur saman við landið i kring.

## Athugasemdir
Hnit á punktum Ingvars i Landshnitakerfi Isnet-93.
685-Aðhald-349564,578-395880,903
686-Aðhald-349565, 108-395882,319
687-Aðhald-349567, 171-395882,585

## Heimildir

Ingvar Reynisson mælingamaður á Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar. 21.06.11.



Horft til norðurs.



Teikning, hraunbolli hleðlsa.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Garðar
163/191

**Heiti**.......................................................Refabyrgi 2
**Tegund**.................................................Hleðsla
**Hlutverk**................................................Skotbyrgi
**Gps-hnit**............................................... N °.' W °.'
**Aldur**....................................................1550- 1900
**Ástand**...................................................Sæmilegt
**Hættumat**.............................................Vegagerð
**Hætta**....................................................Mikil
**Minjagildi**............................................Hátt
**Friðlýst**..................................................Nei

**Staðhættir**
Frá Reykjanesbraut er vegaslóði að Lónakoti í norður og slóði sem er á móts við hann í suður frá Reykjanesbrautinni, Frá þessum vegaslóðum um 320 m í austur eftir brautinni. þá er byrgið um 100 m i suður frá henni. Og frá byrginu eru um 200 m í gömlu Reykjanesbrautina í suður. Byrgið er á smá hraundragi í landinu.

**Lýsing**
Byrgið er uppblaðið, hleðsluhæð i norðvestur um 0.60 m en annars lægra Eitthvað hefur hrunið úr veggjum inn að miðju bygsins. Inngangur i byrgið er í vestur. Sá sem í byginu hefðr verið hefur legið á.maganum, og ekki verið sýnilegur í umhverfinu. Smá gat er hleðsluna í suður þar sem byssuhólknum hefur verið stungið í gegn.
Steinastærð um 0.25 - 0.40 rn.

**Athugasemdir**
Hnit á punktum Ingvars í Landshnitakerfi Isnet-93.
682-Byrgi-349595,213-395861,162
683-Byrgi-349596,3-395862,137
684-Byrgi-349597 ,928-395860,657

**Heimildir**

Ingvar Reynisson mælingamaður á Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar. 21.06.11.


Horft í suður að byrginu.


Teikning, byrgið.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Garðar
163/192

**Heiti**.......................................................Garðlag 3
**Tegund**.................................................Garðlag
**Hlutverk**................................................Varnargarður
**Gps-hnit**............................................... N °.‘ W °.‘
**Aldur**....................................................1550- 1900
**Ástand**...................................................Lélegt
**Hættumat**.............................................Vegagerð
**Hætta**....................................................Mikil
**Minjagildi**............................................Talsvert
**Friðlýst**..................................................Nei

## Staðhættir

Frá Reykjanesbraut er vegaslóða að Lónakoti í norður og slóði sem er á móts við hann í suður frá Reykjanesbrautinni,
Frá þessum vegaslóðum um 320 m í austur eftir brautinni, þá er garðlagið um um 90 m í suður frá henni. Og frá garðlaginu eru um 130 m í gömlu Reykjanesbrautina i suður.

## Lýsing

Á norðvesturbarmi hraunsprungu sem er mosagróin eru nokkrir mosagrónir steinar í einfaldri röð. Steinastærð um 0.30-0.45 m. Sprungan er um 2 má breidd að ofan en mjókkar niður. Dýpt er um 2 m.

## Athugasemdir

Hnit á punktum Ingvars í Landshnitakerfi Isnet-93.
680-Hleðsla-349604, 176-395872,206
681-Hleðsla-349606, 15-395871, 112

## Heimildir

Ingvar Reynisson mælingamaður á Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar. 21.06.11.



Horft í austur. Garðlagið til vinstri á sprungunni.




Teikning, garðlagið.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Garðar

163/193

**Heiti**.......................................................Fjárborgarleið 4
**Tegund**.................................................Gata
**Hlutverk**................................................Leið
**Gps-hnit**............................................... N °.‘ W °.‘
**Aldur**....................................................1550- 1900
**Ástand**..................................................Sæmilegt
**Hættumat**.............................................Vegagerð
**Hætta**....................................................Mikil
**Minjagildi**............................................Hátt
**Friðlýst**..................................................Nei

## Staðhættir

Frá Reykjanesbraut er vegaslóði að Lónakoti í norður og slóði sem er á móts við hann í suður frá Reykjanesbrautinni, Frá þessum vegaslóðum um 450 m i austur eftir brautinni, þar liggur Fjárborgarleiðin til suðurs og í norður neðan Reykjanesbrautar liggur leiðin að Jakobsvörðu.

## Lýsing

Fjárborgarleið er nokkuð vel afmörkuð í landinu. Hún liggur i smá sveigum í gegnum landið liggur um hraunlandslagið sein er gróðurvaxið.

## Athugasemdir

Fjárborgarleið er leiðin frá Óttarsstöðum að Fjárborginni. Friðlýstar fornleifar: óttarsstaðir: Fjárborg vestur af svonefndum Löngubrekkuhæðum (hlaðin af Kristrúnu Sveinsdóttur á Óttarsstöðum um 1870). Skjal undirritað af KE 30.04.1964. Þinglýst 05.05.1964.

Hnit á punktum Ingvars i Landshnitakerfi lsnet-93.
689-Fjarbleid-349698,632-396023,511
714-Fjarbleid -349654,051-395880,28

## Heimildir

Fornleifavernd ríkisins: Skrá um friðlýstar fornleifar. Fyrsta útgáfa 1990. Hafnarfjörður bls. 3.
Ingvar Reynisson mælingamaður á Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar. 21.06.11.



Leiðin til vesturs



Leiðin til vesturs.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Garðar
163/159

**Heiti**.......................................................Leiðavarða 5
**Tegund**.................................................Varða
**Hlutverk**................................................Kennimark
**Gps-hnit**................................................ N °.‘ W °.‘
**Aldur**....................................................1550- 1900
**Ástand**...................................................Ágætt
**Hættumat**.............................................Vegagerð
**Hætta**....................................................Mikil
**Minjagildi**.............................................Hátt
**Friðlýst**..................................................Nei

**Staðhættir**
Um 570 m í austur eftir Reykjanesbraut frá afleggjara að Lónakoti í norðvestur og örðum afleggjara sem liggur á móts við hann til suðurs. Þá er varðan um 190 m í suður og frá henni er 100 m í suður að gömlu Reykjanesbraut. Hraunlandslag í gróðri.

**Lýsing**
Varðan er austurbrún á djúpum hraunbolla. Hleðsluhæð er um 1.20 m. Grunnflötur vestur-austur 0,75 m og norður-suður 1 m. Steinastærð 0.25- 0.40 m.

**Athugasemdir**
Hnit á punktum Ingvars í Landshnitakerfi Isnet-93.
647-Varða-349859,367-395938,21

**Heimildir**
Ingvar Reynisson mælingamaður á Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar. 21.06.11.


Horft til vesturs .

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Garðar
163/195

**Heiti**.......................................................Fjárskjól 6
**Tegund**.................................................Hleðsla
**Hlutverk**...............................................Fjárskýli
**Gps-hnit**............................................... N °.‘ W °.‘
**Aldur**....................................................1550- 1900
**Ástand**..................................................Sæmilegt
**Hættumat**............................................Vegagerð
**Hætta**...................................................Mikil
**Minjagildi**............................................Hátt
**Friðlýst**.................................................Nei

## Staðhættir
Um 570 m í austur eftir Reykjanesbraut frá afleggjarn að Lónakoti í norðvestur og öðrum afleggjara sem liggur á móts við hann til suðurs. Þá er skjólið um 190 m í suður og frá henni eru um 100 m í suður að gömlu Reykjanesbraut. Austan við skjólið á gilbarminum er varða (194 ).

## Lýsing
Fjárskjólið er í hraungjótu þar sem klettar mynda gjótuna að mestu nema á austurhlíð sem er grasivaxin. Gjótan er um 7 x 8 m. Grasivaxin í botni. Undirvesturhlið klettaveggjarins þar sem þeir slúta aðeins fram, em hleðsluveggir sem eru um 1.00 má hæð og um 1 má breidd.

## Athugasemdir
Hnit á punktum Ingvars í Landshnitakerfi lsnet-93.
648-Skjól-349849,509-395934,002
649-Skjól-349850,038-395930,597

## Heimildir
Ingvar Reynisson mælingamaður á Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar. 21.06.11.


Horft til vesturs að hleðsumri.



Teikning, hleðlsur.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Garðar

163/196

**Heiti**.......................................................Fjárskjól 7
**Tegund**.................................................Hleðsla
**Hlutverk**................................................Fjárskýli
**Gps-hnit**............................................... N °.‘ W °.‘
**Aldur**....................................................1550- 1900
**Ástand**..................................................Sæmilegt
**Hættumat**.............................................Vegagerð
**Hætta**...................................................Mikil
**Minjagildi**............................................Hátt
**Friðlýst**.................................................Nei

## Staðhættir

Þar sem gamla Reykjanesbrautin liggur austur-vestur og er samhliða hluta af eldri Reykjanesbraut frá 1905. Fjárskjólið er í klettagjótu sem er grasivaxin með birkitrjám.

## Lýsing

Hraungjóta sem er um 4 m á dýpt og grasivaxin.
Við norðurhlið gjótunnar eru klettaveggur sem slútir fram yfir sig og þar undir er lítill skúti. Út frá honum að austan er hleðslugarður sem myndar rými að skútanum. Að vestan liggur landið aðeins hærra og myndar vesturhlið rýmisins. Á austurhlið er hleðslan allt að 1.50 m þar sem það er hæst, enfer í 0.40 m við enda hleðsíunnar í suður.

## Athugasemdir

Hnit á punktum Ingvars í Landshnitakerfi Isnet-93.
650-Hleðsla-349896,678-395880,293
651-Hleðsla-349898, 144-395878, 138
652-Hleðsla-349900,113-395877,514
653-Hleðsla-349903,185-395880,708

## Heimildir

Ingvar Reynisson mælingamaður á Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar. 21.06.11.






Horft að skútamun til austurs.

Teikning, hleðsla.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Garðar
163/197

**Heiti**......................................................Vegbrú 8
**Tegund**.................................................Hleðsla
**Hlutverk**................................................Brú
**Gps-hnit**............................................... N °.' W °.'
**Aldur**....................................................1150- 1900
**Ástand**...................................................Ágætt
**Hættumat**............................................Vegagerð
**Hætta**....................................................Mikil
**Minjagildi**............................................Hátt
**Friðlýst**.................................................Nei

## Staðhættir
Þar sem gamla Reykjanesbrautinn liggur austur-vestur og er samhliða hluta af eldri Reykjanesbraut frá 1905. Brúin er um 15 m sunnan við veginn við austurenda hans ,en gjáin liggur nokkuð samhliða veginum að hluta.

## Lýsing
Vegbrúin liggur yfir gjá sem er um 2 m breið. Þykkt brúarinnar er um 0.70 m, en holt er undir hana. Steinarnir sem mynda brúargólfið eru mosavaxnir. Landið sunnan við er aðeins hærra en brúin.

## Athugasemdir
Hnit á punktum Ingvars í Landshnitakerfi lsnet-93.
654-Steinbrú-349957,787-395810,239
655-Steinbrú-349960,2-395809,829

## Heimildir
Ingvar Reynisson mælingamaður á Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar. 21.06.11.



Horft í noður yfir brúna.




Teikning, brúarhleðslan.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Garðar
163/198

**Heiti.......................................................**Byrgi
**Tegund.................................................**Hleðsla
**Hlutverk................................................**Skotbyrgi
**Gps-hnit...............................................** N °.‘ W °.‘
**Aldur....................................................**1550- 1900
**Ástand...................................................**Ágætt
**Hættumat.............................................**Vegagerð
**Hætta....................................................**Mikil
**Minjagildi............................................**Talsvert
**Friðlýst..................................................**Nei

**Staðhættir**
Þar sem gamla Reykjanesbrautin liggtif austur-vestur og er samhliða hluta af eldri Reykjanesbraut frá 1905. Frá norðausturenda vegarins frá 1905 þar sem hann kemur sauran við eldri Reykjanesbrautina eru um 150 m í norður að byrginu sem er staðsett á hæðardragi.

**Lýsing**
Hringlaga einhlaðið byrgi sem er opið til suðurs. Hleðsluhæð um 0.40 m. Í byginu vex birkirunni og er því erfitt að sjá steinahleðsluna, en steinar eru mosavaxnir. Steina.stærð 0.25-0.45 m.

**Athugasemdir**
Hnit á punktum Ingvars í Landshnitakerfi Isnet-93.
645-Byrgi-349987,78-396001,468
646-Byrgi-349989,348-396002,7

**Heimildir**

Ingvar Reynisson mælingamaður á Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar. 21.06.11.


Horft að byrginu til norðvesturs.



Teikning, byrgið.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Garðar
163/199

**Heiti**.......................................................Rauðumelsstígsvarða vestari 10
**Tegund**.................................................Varða
**Hlutverk**................................................Kennimark
**Gps-hnit**............................................... N °.‘ W °.‘
**Aldur**....................................................1550- 1900
**Ástand**...................................................Ágætt
**Hættumat**.............................................Vegagerð
**Hætta**....................................................Mikil
**Minjagildi**.............................................Hátt
**Friðlýst**..................................................Nei

## Staðhættir
Þar sem gamla Reykjanesbrautin liggur austur-vestur og er samhliða hluta af eldri Reykjanesbraut frá 1905. Frá norðausturenda vegarins frá 1905 þar sem hann kemur saman við eldri Reylrjanesbrautina er um 300 m í norður að vörðunni.

## Lýsing
Varðan sést víða að. Hún er hringlaga og mjókkar aðeins upp. Grunnflötur er um 1.10 m. Hleðsluhæð um 1.50 m. Seinastærð um 0.25-0.35 m.

## Athugasemdir
Frá vörðunni að Rauðamelsstíg ern um 200 m í austur.
Hnit á punktum Ingvars í Landshnitakerfi Isnet-93.
615- Varða - 350218,405 - 396146,83

## Heimildir
Ingvar Reynisson mælingamaður á Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar. 21.06.11.


Horft til norðurs.


Horft til austurs.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Garðar
163/200

**Heiti**.......................................................Varða 11
**Tegund**.................................................Varða
**Hlutverk**................................................Kennimark
**Gps-hnit**............................................... N °.‘ W °.‘
**Aldur**....................................................1550- 1900
**Ástand**...................................................Lélegt
**Hættumat**.............................................Vegagerð
**Hætta**....................................................Talsverð
**Minjagildi**.............................................Talsvert
**Friðlýst**..................................................Nei

## Staðhættir
Þar sem gamla Reykjanesbrautinn liggur austur-vestur að vesturhluta grjótnámunnar sem var nýtt um 1950. Frá þeim vegi er um 200 mínorður að vörðunni. Frá vörðunni eru um 70 m í Rauðamelsstíg í austur.

## Lýsing
Varðan hefur staðið á smá dragi í landinu. En hún er hrunin, hleðsluhæð er um 0.50 m. Steinastærð um 0.25-0.40.

## Athugasemdir
Hnit á punktum Ingvars í Landshnitakerfi Isnet-93.
643-Varða-350156,697-396022,472

## Heimildir
Ingvar Reynisson mælingamaður á Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar. 21.06.11.


Horft í suður.


Horft í norður.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Garðar
163/201

**Heiti**.......................................................Rauðamelsvarða 12
**Tegund**.................................................Varða
**Hlutverk**................................................Kennimark
**Gps-hnit**............................................... N °.‘ W °.‘
**Aldur**...................................................1550-1900
**Ástand**..................................................Ágætt
**Hættumat**.............................................Vegagerð
**Hætta**...................................................Mikil
**Minjagildi**............................................Hátt
**Friðlýst**.................................................Nei

## Staðhættir
Um 250 m í norðvestur frá vegi sem er norðvestan við stóru grjótnámuna. Varðan er vestan við Rauðamelsstíg.

## Lýsing
Varðan er hlaðinn á vesturbanni lítillar hraunsprungu á norðausturhlið er hleðsluhæð 1.80, en á norðvesturhlið um 0.90 m. Varðan er um 2 m löng suður-norður. og um 0.70 má breidd. Steinastærð um 0.35-0.45 m.

## Athugasemdir
Hnit á punktum Ingvars í Landshnitakerfi Isnet-93.
644-Varða-350019, 791- 396019,163.

## Heimildir
Ingvar Reynisson mælingamaður á Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar. 21.06.11.



Horft til austurs.



Horft til suðurs.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Garðar
163/202

**Heiti**......................................................Stekkur 13
**Tegund**.................................................Hleðsla
**Hlutverk**...............................................Stekkur
**Gps-hnit**.............................................. N °.‘ W °.‘
**Aldur**...................................................1550-1900
**Ástand**.................................................Sæmilegt
**Hættumat**............................................Frá
**Hætta**...................................................Mikil
**Minjagildi**............................................Hátt
**Friðlýst**.................................................Nei

## Staðhættir
Frá austurenda gamla Reykjnesvegarins sem liggur í gegnum grjótnámuna sem nýtt var um 1950 frá. Frá austurenda hans þar sem komið er að námunni er um 200 m í norður að stekknum.

## Lýsing
Undir smá hæðardragi í austur í lautardragi þar sem landið mótar stekkinn að hluta. Þar er klettahæð um 0.50 m, en til að loka af stekkinn er eínhlaðinn hleðslugarður. Hleðsluhæð 0.45 m.

## Athugasemdir
Hnit á punktum Ingvars í Landshnitakerfi Isnet-93.
612-Hleðsla-350389,612-396051,713
613-Hleðsla-350391,511-396052,162
614-Hleðsla-350392,473-396050,976

## Heimildir
Ingvar Reynisson mælingamaður á Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar. 21.06.11.



Horft í suðaustur.




Teikning, stekkurinn.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Garðar
163/203

**Heiti**.......................................................Stöðull 14
**Tegund**...................................................Hleðsla
**Hlutverk**.................................................Stöðull
**Gps-hnit**................................................ N °.' W °.'
**Aldur**.....................................................1550-1900
**Ástand**...................................................Ágætt
**Hættumat**.............................................Vegagerð
**Hætta**....................................................Mikil
**Minjagildi**............................................Hátt
**Friðlýst**..................................................Nei

## Staðhættir
Frá Reykjanesbraut er vegslóði að Lónakoti í norður og slóði sem er á móts við hann i suður frá Reykjanesbrnutinni, Frá þessum vegaslóðum um 360 m í austur eftir brautinni, þá er garðlagið um um 90 m í suður frá henni. Og frá garðlaginu eru um 140 m i gömlu Reykjanesbrautina í suður.

## Lýsing
Út frá klettavegg sem er um 1. 90 m á hæð er hleðsluveggur sem liggur samhliða klettaveggnum. Hann er að hluta til hlaðinn ofan á kletta, en að mestuhlaðinn úr nokkuð stórum steinum, Steinastærð 0.35-0.60 m. Frá þessum hleðsluvegg er aðhald. Mesta hæð á hleðluveggnum er við suðurenda 1.20 m, en lækkar svo niður í 0.40 m og er það hleðlsuhæð aðhaldsíns líka.

## Athugasemdir
Hnit á punktum Ingvars í Landshnitakerfi Isnet-93.
609-Hleðsla-350523,97-395899,014
610-Hleðsla-350825,074-395896,529

## Heimildir
Ingvar Reynisson mælingamaður á Framkvæmdasviði Hafnarfjarðar. 21.06.11.


Horft til suðurs að stuðlinum.



Teikning, stöðull.

**Fornleifaskrá**

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

# Garðar

163/204

**Heiti**......................................................Varða
